



KÓPAVOGSHÖFN

Viðbragðsáætlun Kópavogshafnar.

Formáli.

Kröfur um viðbragðsáætlanir eru settar fram í reglugerð nr. 1010/2012

Viðbragðsáætlunin tekur mið af aðstæðum við Kópavogshöfn og er sett til að fljótt sé brugðist við mengunaróhappi og viðbrögð hæfi tilefninu.

Áætlunin inniheldur niðurstöður áhættumats og upplýsingar um aðstæður við höfnina. En samningur er á milli Kópavogsbæjar og Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins sem sinnir þeim bráðaatvikum sem kunna að verða.

Dagsetning: 25 ágúst 2023

Atli Hermannsson

Hafnarvörður Kópavogshafnar

441 9090 | 862 8529 | atli.hermanns@kopavogur.is



Kópavogshöfn

Áhættumat.

Sviðsmyndir

#	Uppspretta	Atburður	Olíutegund	Magn olíu sem fer niður	Möguleg áhrif á umhverfið	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	
1	Óhöpp vegna starfsemi	Ýmiskonar sjá töflu 1	Ýmiskonar sjá töflu 1	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	
2	Dæling úrgangsolíu	Dæling á úrgangsolíu	Ýmiskonar	<500 lítrar	Slika og olía við bryggju og svæði í kring	3	2	Lítill	
3	Litlir bátar	Eldsneytis-taka	Dísilolía	<100 lítrar	Slika og þunnt olíulag í höfninni	3	2	Lítill	
4	Miðlungs stórir bátar/skip	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	
5	Miðlungs stórir bátar/skip	Olía niður við dælingu	MGO/MDO	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	3	Miðlungs	
6	Miðlungs stórir bátar/skip	Strand/árekstur	MGO/MDO auk annars konar olíu	<150m ³	Töluverð áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	3	Lítill	
7	Stór skip	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	
8	Stór skip	Olía niður við dælingu	MGO/MDO/HFO	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	2	Lítill	
9	Stór skip	Strand/árekstur	MGO/MDO/HFO auk annars konar olíu	<2500m ³	Mikil áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	4	Miðlungs	
10	Móttaka olíu (olíubirgðastöðvar)	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Miðlungs	
11	Móttaka olíu (olíubirgða-stöðvar)	Leki við dælingu á olíu	Ýmiskonar sjá töflu 1	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	2	Lítill	
12	Móttaka olíu (olíubirgðastöðvar)	Strand/árekstur	Ýmiskonar sjá töflu 1	<5000m ³	Mikil áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	4	Miðlungs	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026




Kópavogshöfn

Staðsetningar

Olía og Lýsisgeymar

Engir lýsisgeymar eru við höfnina í Kópavogi. Einn olúgeymir er við hliðina á smábátaramp við gömlu bryggjuna. Sjá mynd hér að neðan.



Mengunarvarnabúnaður

Allur mengunarvarnabúnaður er staðsettur hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem hefur þjónustusamning við Kópavogshöfn.

Bryggjudæla

háþrýstidæla er fyrir smábáta og er hún við hlið olútanksins sem getið er hér að ofan.


Tengikassi fyrir dælingu á stærri skip. Takmörkuð þjónusta er við stærri skip í Kópavogshöfn og af þeim sökum er enginn slíkur tengikassi við höfnina.



KÓPAVOGSHÖFN

Geymir fyrir úrgangsolíu

Allri úrgangsolíu sem fellur til við Kópavogshöfn er safnað saman í þrjú kör sem staðsett eru við Norðurbryggju og flotbryggju nr.1 og 2. Körin eru tæmd reglulega af Íslensku Gámaþjónustunni.



Viðkvæmir staðir

Engir viðkvæmir staðir eru við Kópavogshöfn aðrir en þeir sem taldir eru upp hét að ofan.

Útkallslistar, mengunarbúnaður og æfingar

Engir útkallslistar eru til fyrir Kópavogshöfn. Öll útköll sem koma til vegna hafnarinnar er beint til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem sér um öll mengunarmál hafnarinnar.

Staðsetning mengunarvarnabúnaðar.

Allur mengunarvarnabúnaður er í eigu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem sér mengunarvarnir Kópavogshafnar. Allar nánari upplýsingar má fá hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Æfingar

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem sinnir mengunarvörnum fyrir höfnina hefur sínar reglulegu mengunarvarnaæfingar.